

Mál nr. 270/1999

**M
og
Vátryggingafélagið X v/farangurstryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar á farangri þann 2.7.1999.

Gögn.

1. Málskot móttakið 5.11.1999.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 1004/1999.
3. Vátryggingarskírteini fyrir farangurstryggingu (ferðatryggingu).
4. Skilmálar fyrir farangurstryggingu.
5. Bréf X, dags. 6.12.1999.

Málsatvik.

M keypti farangurstryggingu hjá X, sem gildi tímabilið 13.6.1999 til 8.7.1999. Vátryggingarfjárhæð hinna tryggðu muna nam kr. 200.000. Sérskráðir munir í skírteininu voru videomyndavél, myndavél og föt. Þann 2.7.1999 var M staddur á svonefndri Hróarskelduhátíð í Hróarskeldu í Danmörku. Samkvæmt því er segir í málskoti mun M hafa skilið eftir í læstu tjaldi á hátíðarsvæðinu bakpoka sem hafði að geyma videoupptökuvél, myndavél, fatnað og aðra muni. Var þá tjaldinu og bakpokanum stolið ásamt því sem í honum var. M hefur krafið X um bætur, en félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í skilmálum farangurstryggingar hjá X er ákvæði varðandi takmarkanir á bótaskyldu er segir að félagið greiði ekki tjón sem verður er vátryggður fer þannig með hlut að við missi megi búast. Er tjónið varð, var M staddur á Hróarskelduhátíð í Danmörku eins og fyrr greinir. Með því að yfirgefa tjald sitt, þótt læst hafi verið, á slíkri hátíð og með þeim verðmætum sem í því voru hefur M farið þannig með hina vátryggðu muni að búast mátti við að þeim yrði stolið. Hefur M því ekki farið að fyrirmælum vátryggingaskilmála um meðferð hinna vátryggðu muna og á því ekki rétt til bóta úr farangurstryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr farangurstryggingu hjá X.

Reykjavík, 15. desember 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.